

Mál nr. 334/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 17. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þann 8. september 2023 á byggingarsvæði X, M hafi verið ráðinn hjá Y en hafi verið leigður til X. Verkstjóri á staðnum hafi falið M og Z að klára að taka niður plötur, stoðir og bita fyrir undirslátt. Z hafi séð um að taka niður plötur, stoðir og bita en M að skila þeim á viðeigandi stað. Þegar þeir hafi verið búnir að vera að vinna í u.þ.b. klukkustund hafi slys orðið. M hafi verið að skila plötu og snúið baki í Z. Skyndilega hafi komið vindhviða, Z hrópað og sagt M að passa sig. M hafi þá snúið sér við og séð að stoð væri skyndilega að falla í átt að honum. M hafi staðið við 50 cm háan múrvegg og hafi ekki getað bakkað til að forðast slysið. Til þess að komast hjá því að fá stoðina í höfuðið hafi hann gripið í hana með hægri hendi. Stoðin var ennþá tengd í bita sem sveiflaðist eins og pendúll í hægri hendi M og lentu fingur hans á milli bitans og stoðarinnar. M segist hafa leitaði strax á skrifstofu X og látið yfirmenn vita af slysinu. Í kjölfarið hafi hann leitað á bráðamóttöku Landspítalans og í ljós kom að hann var m.a. fingurbrotinn. M mætti svo aftur til X eftir að hafa fengið aðhlynningu á Landspítalnum, veitti frekari upplýsingar um áverka sína og stimplaði sig svo út úr vinnu um miðjan dag.

Í málskoti byggir M á því að fyrirkomulag á vinnustaðnum hafi verið óforsvaranlegt og ekki samræmst lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og reglugerðum settum með stoð í lögnum og öðrum viðeigandi reglum. Vísar hann einkum til ákvæða 1. mgr. 13., 14., 21., 23., 37. gr., 42. gr. laganna sem og 1. tl. 8. gr. reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Að auki til 1., 2. mgr. 14. og 24. gr. B-hluta IV. viðauka við reglur nr. 547/1996.

M byggir á því að í yfirlýsingu Z komi fram að aðrir starfsmenn X hafi unnið sama verk deginum áður en ekki klárað það. Stoðin og bitinn sem olli slysinu hafi verið skilin eftir óstöðug og óörygg sem leiddi til þess að vindhviða varð þess valdandi að búnaðurinn féll á M. Meðalvindur þennan dag hafi verið 6,7 m/s. Verkstjóri og samstarfsmenn M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að tryggja ekki að gætt væri fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum. Þá telur M að athafnasvæði X hafi ekki verið nægilega stöðugt og traust. Umræddri stoð hafi ekki verið komið fyrir þannig að ekki stafaði hætta á að hún ylti eða félli á hlið. Að auki hafi stoðirnar ekki verið rétt uppsettar og notaðar og hafi greinilega ekki verið undir eftirliti og ekki settar í regluleg próf og skoðanir skv. gildandi reglum og ekki undir stjórn hæfra starfsmanna sem hlotið hafi viðeigandi þjálfun. Koma hefði mátt í veg fyrir slysið ef farið hefði verið að framangreindum reglum.

M byggir einnig á því að fullyrðingar í afstöðubréfi V, dags. 23. júlí 2025, séu ekki að öllu leyti réttar. M hafnar því sem röngu og ósönnuðu að hann hafi sjálfur unnið við verkþáttinn daginn áður en ekki aðrir starfsmenn. M hafi verið vanur að sinna öðrum verkþáttum á byggingarsvæðinu og því ekki verið reyndur eða þekkt vel til aðstæðna á slysstað. Þá hafi vinnuveitandi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins fyrr en 2 vikum eftir slysið og það hafi verið brot á 79. gr. laga nr. 46/1980. X hafi verið kunnugt um slysið frá upphafi og að líkur væri á því að M hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. X verði að bera hallann af því að hafa ekki hlutast til um að tilkynna atvik þannig að málsatvik væru nægjanlega vel upplýst, sbr. Hrd. í málum nr. 14/2020, 613/2016 og 151/2017. Það hafi m.a. staðið X nær að halda til haga gögnum um aðbúnað á vinnustaðnum. Með hliðsjón af framangreindu telur M að X hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttsemi og eigi hann skýran og ótvíræðan rétt úr ábyrgðatryggingu vinnuveitandans.

Í athugasemdum V kemur fram að samkvæmt X sé það útilokað að frágangur frá deginum áður hafi valdið slysinu. Mótakerfið sem M og Z hafi verið að taka niður sé byggt upp með þeim hætti að byrjað sé að taka mótin niður í öðrum endanum og menn vinni sig áfram þannig yfir í hinn enda hússins. Þar með byrja menn daginn á að halda áfram með að taka niður mót frá þeim stað sem stoppað var á í lok dags deginum áður. Þegar flekar eru teknir niður (í þessu tilviki) þá blasi eftir atvikum blár/grár himinn við þar sem ljósop var í steyptri plötu efir mótunum. Það segi mönnum sem eru að vinna við verkið að styðja þurfi við stoðir svo þær falli ekki niður. Þá hafi M og Z verið að vinna þetta verk í ca. tvær klukkustundir áður en slysið verður. M hafi unnið í langan tíma við þann verkþátt sem olli slysinu og að hann hafi verið alvanur honum. M hafi þekkt vel til verka og kunnað þennan verkþátt vel. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins af þeirri ástæðu að X hafi ekki fengið frekari upplýsingar frá M, gerð hafi verið frumskýrsla en talið að frekari athafna væri ekki þörf þar sem ekki heyrðist meira frá M. Þá áréttar V að M hafi fengið þjálfun og setið ON Site öryggisnámskeið sem og að haldnir hafi verið örfundir á hverjum miðvikudegi þar sem farið var yfir öryggisatriði líðandi viku og það sem framundan var með myndum og útskýringum. V telur því að slysið sé ekki að rekja til þess að aðstæður á slysdag hafi óruggar. Slysið hafi verið óhapp sem engum verði um kennt

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að aðstæður á slysstað hafi verið öruggar og slysið sé fyrst og fremst óhapp sem engum verði um kennt. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu beri að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Í málinu liggur fyrir að M tilkynnti X um slysið samdægurs. Í fylgiskjali með athugasemdum V segir orðrétt: „Slysskýrsla var gerð hjá [X] samdægurs en hún var aldrei send til VER þar sem beðið var eftir upplýsingum frá slasaða, þær upplýsingar bærust aldrei til [X].“ Í málinu er deilt um málsatvik, þ.e. orsök slyssins, og því ljóst að skortur á utanaðkomandi rannsókn hefur því mikil áhrif. M varð óvinnufær strax í kjölfar slyssins vegna alvarlegs áverka á hægri hendi, m.a. fingurbrots. Að mati nefndarinnar verður M að bera hallann af því að hafa ekki tilkynnt um atvikið til Vinnueftirlits ríkisins sbr. fyrirmælum í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Þrátt fyrir að orsök slyssins sé óljós virðist X meta það svo að hægt hefði verið að koma í veg fyrir slysið. Þannig segir t.d. orðrétt í fylgiskjali með athugasemdum V: „Hefði verið hægt að koma í veg fyrir slysið með einhverjum hætti? Svar: Já, með því að samstarfsmaður heldur við stoðirnar þegar flekar eru fjarlægðir eða setja þrífætur til stuðnings við stoðirnar þegar unnið er við að fjarlægja fleka ofan af bitum.“

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess sem það ber vinnuveitandaábyrgð á.

Þessu til viðbótar telur nefndin að V hafi ekki sýnt fram á að tjónið verði rakið til háttsemi M með þeim hætti að það eigi að hafa áhrif á framangreindan bótarétt.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. mars 2026.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir